



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## OPINBER HEIMSÓKN Í SKAFTÁRHREPP

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, fer í opinbera heimsókn í Skaftárhrepp á morgun, fimmtudaginn 2. júní 2022. Í heimsókninni mun forseti eiga fund með nýkjörinni sveitarstjórn og sækir svo með henni málstofu um sóknarfæri Skaftárhrepps sem haldin verður í Kirkjubæjarstofu – þekkingarsetri. Forseti fer til fundar við eldri kynslóðina í hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klausturhólum, og þá yngri bæði í leikskólanum Kærabæ og Kirkjubæjarskóla. Þá heimsækir hann nokkra staði að auki, þar á meðal heilsugæslustöðina, Hótel Laka í Efri-Vík, og fiskeldisstöð Klausturbleikju að Teygingalæk. Í lok heimsóknarinnar býður sveitarfélagið til samkomu í félagsheimilinu Kirkjuhvoli á Kirkjubæjarklaustri og verður þar hátíðardagskrá í tengslum við hálfra aldar afmæli Kirkjubæjarskóla.

*1. júní 2022*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*